
STÆKKUN KJÚKLINGABÚS AÐ HURÐARBAKI Í HVALFJARÐARSVEIT Ákvörðun um matsáætlun

Inngangur

Þann 17. nóvember 2016 barst Skipulagsstofnun tillaga Matfugls að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar stækkunar kjúklingabús að Hurðarbaki Hvalfjarðarsveit úr 84.000 í 192.000 stæði, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hvalfjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Stækkun kjúklingabús að Hurðarbaki, Hvalfjarðarsveit. Tillaga að matsáætlun. Efla, nóvember 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 27. janúar 2017
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með tölvupósti dags. 28. nóvember 2016.
- Matvælastofnun með bréfi dags. 13. desember 2016.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 5. desember 2016.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 5. desember 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. desember 2016.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 9. desember 2016 og 17. febrúar 2017.

Framkvæmd og umhverfisáhrif

Hæsnaskítur

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir meðferð hæsnaskíts í frummatsskýrslu. Hæsnaskít frá búinu hafi til þessa verið dreift á tún og akra Hurðarbaks, en einnig nærliggjandi bæja í Svínadal (Svarfhóls og Hlíðarfótar). Þetta hafi reynst vera fullnægjandi og rúm ráðstöfun fyrir þann skít sem myndast við núverandi rekstur búins og er það mat framkvæmdaraðila að það landrými sem er fyrir hendi innan jarðanna fullnægi með öllu því viðbótar magni af hæsnaskít sem myndist við stækkunina.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram hvernig geyma eigi hæsnaskít. Jafnframt þurfi að gera grein fyrir helstu mengunarrörnum sem fyrirtekið hyggst setja upp vegna stækkunar, s.s. vegna aukins þvottavatns.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að fjalla þurfi um hvernig verði komið í veg fyrir að mengun frá búinu geti borist í Laxá, sem sé góð laxveiðiá, sem renni í Grunnafjörð sem sé friðlýst svæði og einnig Ramsarsvæði.



Í umsögn Hvalfjarðarsveitar er bent á nauðsyn þess að gerð verði grein fyrir hvort samþykki liggja fyrir því að hæsnaskít verði dreift á aðrar jarðir en Hurðarbak. Einnig þurfi að gera grein fyrir mögulegri sýkingarhættu vegna dreifingar hæsnaskíts og mögulegum áhrifum á vistkerfi Laxár.

Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu er nauðsynlegt að gera grein fyrir því hvernig farið er með hæsnaskít frá búinu. Gera þarf grein fyrir því hvers konar mengunarhætta og sýkingarhætta fylgi skítinum. Einnig þarf að gera grein fyrir hvernig geymslu hæsnaskíts er háttað og í hversu langan tíma. Gera þarf grein fyrir hversu mikið magn falli til á ári, hvaða takmarkanir eru á dreifingu skíts eftir svæðum og árstíma. Fjarlægð dreifingarsvæða frá lækjum, ám og vatnsbólum þarf að koma fram og hvort og þá hvaða áhrif hæsnaskítur kann að hafa á vistkerfi Laxár. Einnig þarf að gera grein fyrir efnainnihaldi þvottavatns og hvert það berist og hvaða ráðstafanir eru gerðar til að koma í veg fyrir mengun af völdum þess. Jafnframt þarf að gera grein því hversu stór svæði þarf til að dreifa fyrir því magni af hæsnaskít sem fellur til árlega og hvar þau svæði eru. Gera þarf grein fyrir því hvort landeigendur og ábúendur annarra jarða fallist á dreifingu hæsnaskíts á sínum jörðum.

Lykt

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir vindafari og hugsanlegri lyktarmengun á svæðinu eins og kostur er út frá fyrirbyggjandi vindmælingum á Grundartanga og á Hvanneyri. Ekki er gert ráð fyrir að gerðar verði sérstakar rannsóknir á vindafari á svæðinu eða lyktarmengun.

Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að greina frá helstu uppsprettum lyktarmengunar og fjarlægð þeirra til næstu íbúðar- og frístundahúsa. Gera þarf grein fyrir hvernig sambýli núverandi kjúklingabús hefur verið við næstu mannabústaði m.t.t. lyktarónæðis.

Grunnvatn og neysluvatn

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að lagt verði einfalt mat á grunnvatnsstöðu á svæðinu, hugsanlegri dreifingu grunnvatns út frá jarðfræði svæðisins auk þess sem gerð verði grein fyrir nærliggjandi vatnsbólum þar sem þau eru þekkt.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er bent á að gera þurfi grein fyrir áætlaðri vatnspörf sem og vatnsöflun vegna starfseminnar.

Hvalfjarðarsveit bendir á nauðsyn þess að gerð verði grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatnsgæði Laxár í Leirársveit.

Með hliðsjón af ofangreindu bendir Skipulagsstofnun á að í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mögulegri mengun grunn- og yfirborðsvatns vegna starfsemi kjúklingabúsins. Einnig þarf að gera grein fyrir vatnspörf fullstækkaðs bús. Gera þarf grein fyrir hvar vatnsból eru og hvort og þá hvar aukins vatns verði aflað. Jafnframt þarf að gera grein fyrir mögulegum áhrifum á vatnsgæði Laxár.

Samfélag

Í umsögn Hvalfjarðarsveitar er bent á nauðsyn þess að gerð verði grein fyrir áhrifum starfseminnar á hagræna og félagslega þætti. Þar þurfi að gera grein áhrifum starfseminnar á ferðamennsku og útivist.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvaða áhrif starfsemin muni hafa á ferðaþjónustu og útivist, einkum með hliðsjón af frístundabyggð og bændagistingu sem starfrækt er í nágrenninu.

Niðurstaða

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Matfugls að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum



framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu er nauðsynlegt að gera grein fyrir því hvernig farið er með hæsnaskít frá búinu. Gera þarf grein fyrir því hvers konar mengunarhætta og sýkingarhætta fylgi skítinum. Einnig þarf að gera grein fyrir hvernig geymslu hæsnaskíts er háttað og í hversu langan tíma. Gera þarf grein fyrir hversu mikið magn falli til á ári, hvaða takmarkanir eru á dreifingu skíts eftir svæðum og árstíma. Fjarlægð dreifingarsvæða frá lækjum, ám og vatnsbólum þarf að koma fram og hvort og þá hvaða áhrif hæsnaskítur kann að hafa á vistkerfi Laxár. Einnig þarf að gera grein fyrir efnainnihaldi þvottavats og hvert það berist og hvaða ráðstafanir eru gerðar til að koma í veg fyrir mengun af völdum þess. Jafnframt þarf að gera grein því hversu stór svæði þarf til að dreifa fyrir því magni af hæsnaskít sem fellur til árlega og hvar þau svæði eru. Gera þarf grein fyrir því hvort landeigendur og ábúendur annarra jarða fallist á dreifingu hæsnaskíts á sínum jörðum.
2. Í frummatsskýrslu þarf að greina frá helstu uppsprettum lyktarmengunar og fjarlægð þeirra til næstu íbúðar- og frístundahúsa. Gera þarf grein fyrir hvernig sambýli núverandi kjúklingabús hefur verið við næstu mannabústaði m.t.t. lyktarónæðis.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mögulegri mengun grunn- og yfirborðsvats vegna starfsemi kjúklingabúsins. Einnig þarf að gera grein fyrir vatnspörf fullstækkaðs bús. Gera þarf grein fyrir hvar vatnsból eru og hvort og þá hvar aukins vatns verði aflað. Jafnframt þarf að gera grein fyrir mögulegum áhrifum á vatnsgæði Laxár.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvaða áhrif starfsemin muni hafa á ferðapjónustu og útivist, einkum með hliðsjón af frístundabyggð og bændagistingu sem starfrækt er í nágrenninu.

Jafnframt viðhafi framkvæmdaraðili það verklag og leggi fram þær upplýsingar sem hann kynnti í bréfum dags. 9. desember 2016 og 17. febrúar 2017, þar sem hann brást við framkomunum umsögnum.

Framkvæmdaraðili getur kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ákvörðun Skipulagsstofnunar um breytingar á matsáætlun, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 27. febrúar 2017

Hólmfríður Bjarnadóttir

Sigurður Ásbjörnsson